

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**17. mars 2015**

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun:

Í tilefni þess að í ár er fagnað 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi, samþykkir borgarstjórn að gerð verði jafnlaunaúttekt hjá Reykjavíkurborg sem staðfest verður með jafnlaunavottun á afmælisárinu.

Borgarráð

***Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun***

Á fundi borgarstjórnar þann 17. mars 2015 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun:

Í tilefni þess að í ár er fagnað 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi, samþykkir borgarstjórn að gerð verði jafnlaunaúttekt hjá Reykjavíkurborg sem staðfest verður með jafnlaunavottun á afmælisárinu.

Með vísan til hjálagðrar umsagnar starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar er lagt til að borgarráð samþykki svohljóðandi breytingartillögu:

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg látið óháða aðila vinna úttektir á launamun kynjanna og var síðasta úttekt unnin fyrir árið 2014. Í aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun segir að gera eigi úttekt á kynbundnum launamun af óháðum aðila annað hvert ár. PWC hefur annast jafnlaunaúttektir og veita stofnunum og fyrirtækjum sem ná góðum árangir jafnlaunavottun. Lagt er til að starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og deildarstjóra kjaradeildar verði falið að undirbúa þátttöku Reykjavíkurborgar í jafnlaunavottun PWC.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 14. október 2016 um tillögu borgarfulltrúa Framsóknar og

flugvallarvina um jafnlaunavottun dags. 17. mars 2015.

## Umsögn:

Tillögu borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun var vísað til starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar til vinnslu á vettvangi aðgerðaáætlunar um kynbundinn launamun. Borgarstjórn hefur samþykkt aðgerðaráætlun til þess að draga úr kynbundnum launamun. Þar er kveðið á um þrjár aðgerðir er snúa að launaúttekt og stöðlum.


- 1) Úttektir á launamun kynjanna á meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.**  
Félagsvísindastofnun hefur gert úttekt annað hvert ár fyrir Reykjavíkurborg sem hefur sýnt fram á að kynbundinn launamunur hefur farið minnkandi. Í úttekt Félagsvísindastofnunar árið 2104 var kynbundinn launamunur 3,5% og þegar tekið var tillit til sviðs eða málaflokks mældist kynbundinn launamunur 2,3%.
- 2) Aðgengi á kyngreindum gögnum verði bætt.**  
Við innleiðingu á nýju mannaúts- og launakerfi verður aðgengi að kyngreindum launagögnum auðveldara. Jafnframt er nú unnið að innleiðing á kerfinu *Qlik Sense*, sem veitir stjórnendum helstu lykilupplýsingar um rekstur og mannaúts. Tilkoma þess mun umbylta aðgengi að kyngreindum gögnum og verður hægt að nálgast allar lykilbreytur með einföldum og fljótlegum hætti. Kerfið er nú í innleiðingu og stefnt er að því að það verður að fullu innleitt innan tveggja ára.
- 3) Jafnlaunastaðall verði innleiddur hjá Reykjavíkurborg**  
Fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa setið fundi um tilraunverkefnið um innleiðingu staðalsins á vegum aðgerðarhóps stjórnvalda um launajafnrétti á vinnumarkaði. Á síðasta fundi aðgerðarhópsins kom í ljóst að enn hefur ekkert fyrirtæki/stofnun farið í gegnum formlega vottun og ljóst er að mikla vinnu þarf til að fara í gegnum undirbúningsvinnuna og vottunarferlið þegar það er orðið fyllilega aðgengilegt. Markmiðið að baki gerð staðalsins var að finna leið til að eyða kynbundnum launamun þannig að greidd séu sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Reykjavíkurborg er þegar með starfsmatskerfi sem hefur reynst öflugt verkfæri í sama tilgangi. Samkvæmt staðlinum þarf að gera heildarúttekt hjá sveitarfélaginu/launagreiðanda, ekki væri hægt að byrja á ákveðnum einingum og fá þær vottaðar. Við skoðun á vottunarferlinu komu í ljós ákveðnir erfiðleikar sem þyrfti að uppræta áður en hægt væri að hefja ferlið.

Stéttarfélagið VR hefur boðið upp á jafnlaunavottun og sá vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi um jafnlaunaúttektir. Félagið hefur nú hætt slíkum vottunum og vísar til jafnlaunastaðalsins.

PWC hefur annast jafnlaunaúttektir og veita stofnunum og fyrirtækjum sem ná góðum árangir í jafnlaunamálum sérstakt gullmerki. Til þess að fá jafnlaunavottun PWC þarf kynbundinn launamunur vera undir 3,5% bæði af grunnlaunum sem og heildarlaunum. Miðað við síðustu úttekt Félagsvísindastofnunar má teljast líkleg að Reykjavíkurborg gæti fengið gullmerki þeirra. Að fá jákvæða niðurstöðu úr úttekt PWC og hljóta gullmerki þeirra gæti styrkt ímynd vinnustaðarins.

Samhliða jafnlaunaúttektum býður PWC upp á sérstakt réttláunalíkan sem aðstoðar skipulagseiningar við að draga úr kynbundnum launamun, það metur m.a. kostnað við slíkar aðgerðir sem og forgangsraðar þeim til þess að draga úr kynbundnum launamun.

Reykjavík, 14. október 2016

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ragnhildur Ísaksdóttir'. The signature is written in a cursive, somewhat stylized script.

Ragnhildur Ísaksdóttir  
Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar